

Umsókn um reynslumerki

Sótt er um:

Reynslumerki í langtímaleigu

(Umboð með fulltrúa, löggiltir bílasalar, skipafélög, bifreiðaverkstæði og ryðvarnarstöðvar geta leigt reynslumerki í langtímaleigu.)

Notkunarskilmálar:

Heimil notkun reynslumerkis: Heimilt er að nota reynslumerki til að flytja óskráð ökutæki á milli staða í tengslum við skráningu, til reynsluaksturs og við kynningarstarfsemi hér á landi.

- Flutningur vegna skráningar: Heimilt er að nota reynslumerki til að flytja óskráð ökutæki milli staða vegna skráningar. Þetta á við um flutning frá skipshlið að tollporti, frá tollporti að geymslustað innflytjanda, milli geymslustaða, til og frá verkstæði og til skoðunarstöðvar. Óheimilt er að geyma ökutæki við íbúðarhús að næturlagi en ökutækið skal geymt við starfsstöð innflytjanda eða á svæði er tengist skráningu eða undirbúningi skráningar.
- Reynsluakstur: Með reynsluakstri er átt við stuttar reynsluferðir í eðlilegri fjarlægð frá umboði / bílasölu. Akstur utan opnartíma umboðs / bílasölu eða utan sýningartíma er óheimill. Óheimilt er að geyma ökutæki við íbúðarhús að næturlagi. Lán á ökutækjum sem fellur utan reynsluaksturs er óheimilt. Óheimilt er að lána ökutæki yfir nótt.
- Kynningarstarfsemi: Með kynningarstarfsemi er átt við sýningar á ökutækjum, sýningarferðir starfsmanna umboðs / bílasölu, auglýsingagerð og blaðamannalán.

Farþegar og farmur: Óheimilt er að flytja farþega og farm í ökutæki sem ber reynslumerki, að undanskildum eftirfarandi tilfellum: Starfsmanni umboðs/bílasölu og aðstandendum ökumanns er heimilt að sitja í ökutækinu við reynsluakstur, starfsmanni umboðs/bílasölu við kynningarstarfsemi og starfsmanni verkstæðis við flutning þess til og frá verkstæði.

Trygging reynslumerkis: Leigutaki verður að sýna fram á gilda ábyrgðartryggingu reynslumerkis.

Gjald fyrir leigu: Greiða skal gjald fyrir leigu samkvæmt gjaldskrá Umferðarstofu. Gjaldið miðast við almanaksárið (1. janúar - 31. desember). Ef leiga hefst á miðju ári skal greiða fyrir almanaksárið í heild.

Gildistími: Langtímaleigð reynslumerki eru leigð til eins árs í senn eða út almanaksárið.

Heimild til notkunar reynslumerkis: Við leigu á reynslumerkjum fær leigutaki afhenta heimild til notkunar reynslumerkis. Í heimildinni koma fram upplýsingar um rétthafa, leigutíma, leigustað og reglur um heimila notkun reynslumerkis. Heimild til notkunar reynslumerkis skal ávallt geyma í ökutæki sem ber reynslumerki.

Misnotkun reynslumerkis: Til misnotkunar telst skortur á heimild til notkunar reynslumerkis í ökutæki, ef notkun reynslumerkja er í andstöðu við reglur um heimila notkun, sbr. kafla 3.10.4. skráningarreglna Umferðarstofu, eða ef bifreið ber aðeins eitt reynslumerki. Einnig ef merkin eru ekki fest á áberandi stað á ökutæki, ef merki er skráð á lista yfir eftirlýst reynslumerki og loks ef reynslumerki bera ekki réttan gildismiða. Lögregla skal fjarlægja reynslumerki ef um misnotkun er að ræða. Ef leigutaki misnotar reynslumerki afturkallar það réttinn til reynslumerkis, viðkomandi leigutaki fær ekki leigð ný langtíma reynslumerki.

Leigutími:

Frá

Til

Upplýsingar um rétthafa:

Nafn rétthafa

Kennitala

Heimilisfang

Póstnúmer og staður

Tengiliður

GSM númer / Heimasími

Netfang

Ég undirritaður samþykki ofangreinda skilmála:

Staður og dagsetning

Undirritun umsækjanda